

á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni 69
öllum, sem hlut eiga að máli. 11. maí

Í félagsmálaráðuneytinu, 11. maí 1960.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

70

10. maí

um breytingu á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955 og
reglugerð nr. 11 29. jan. 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-liðs 28. gr.:

„Steinhús (af fasteignamati)	1 %
Timburhús (af fasteignamati)	2 %
Torfhús (af fasteignamati)	4 %“
komi:	
Steinhús (af fasteignamati)	4 %
Timburhús (af fasteignamati)	6 %
Torfhús (af fasteignamati)	8 %

2. gr.

Reglugerð þessi skal koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á
árinu 1960 af tekjum ársins 1959.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt
nr. 46 frá 1954 og öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 11 29. jan. 1958 er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

GJALDSKRÁ

71

13. maí

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða
verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatns-
magn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15° C frosti, enda
séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.